

# Reglur um móttökur Reykjavíkurborgar

## 1. gr. Skilgreining

Opinberar móttökur Reykjavíkurborgar eru formlegar móttökur borgarstjórnar og borgarstjóra. Samkvæmt samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 fjallar forsætisnefnd um móttökur Reykjavíkurborgar og hefur eftirlit með því að reglum þessum sé fylgt.

Opinberar móttökur borgarstjórnar eru á ábyrgð skrifstofu borgarstjórnar og opinberar móttökur borgarstjóra eru á ábyrgð skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Unnið er eftir samþykkttri vinnulýsingu um ákvörðun og framkvæmd opinberra móttaka.

Móttökur sem borgarstjóri býður til vegna starfsmannatengdra viðburða á borð við starfslok starfsmanns falla ekki undir skilgreiningu 1. mgr. Móttökur einstakra stofnana, fagsviða eða skrifstofa í miðlægrri stjórnsýslu eru ekki opinberar móttökur Reykjavíkurborgar. Slíkar móttökur eru á ábyrgð viðkomandi fagsviðs.

## 2. gr. Leiðarljós

Við ákvörðun um opinbera móttöku skal horfa til þess að tilefnið þjóni hagsmunum Reykjavíkurborgar og Reykvíkinga og/eða sé í samræmi við hlutverk Reykjavíkur sem höfuðborg og í samræmi við samþykktta stefnumörkun, áherslur og forgangsörðun borgaryfirvalda. Þá skal horft til sjónarmiða um mannréttindi og samfélagslega ábyrgð við ákvörðun um opinbera móttöku.

## 3. gr. Staðsetning

Opinberar móttökur Reykjavíkurborgar eru haldnar í Ráðhúsi Reykjavíkur eða Höfða nema annað sé sérstaklega ákveðið.

## 4. gr. Gestgjafar

Gestgjafar í opinberum móttökum eru borgarstjóri, forseti borgarstjórnar, formaður borgarráðs, borgarfulltrúar eða staðgenglar þeirra.

5. gr.  
Umsóknir um opinberar móttökur

Við afgreiðslu á umsóknum um opinberar móttökur er unnið eftir samþykktri vinnulýsingu. Vinnulýsing skal kynnt forsætisnefnd. Leggja skal fram yfirlit yfir beiðnir um móttökur á fundi forsætisnefndar.

6. gr.  
Skilyrði

- a. Skrifleg beiðni um móttöku þarf að jafnaði að hafa borist skrifstofu borgarstjóra og borgarritara á þar til gerðu eyðublaði með a.m.k. þriggja vikna fyrirvara.
- b. Hámarksfjöldi gesta í Ráðhúsi Reykjavíkur er 600. Hámarksfjöldi gesta í Höfða er 90.
- c. Opinberar móttökur skulu ekki haldnar á laugardögum, helgidögum og almennum frídögum, nema við sérstakar aðstæður. Þá skulu móttökur almennt ekki haldnar á fundartíma borgarstjórnar.

7. gr.  
Þátttaka annarra

Halda má opinberar móttökur í samvinnu við ríkið og/eða ríkisstofnanir, enda greiði viðkomandi þá hluta kostnaðar. Jafnframt getur þriðji aðili verið þátttakandi í móttöku, falli tilefnið að reglum þessum, enda greiði hann hluta kostnaðar. Móttökur sem sótt er um að Reykjavíkurborg haldi skulu að öllu leyti greiddar af umsóknaraðila. Reykjavíkurborg leggur til húsnæði og gestgjafa.

Samþykkt á fundi forsætisnefndar 14.06.2019